

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, Dalshverfi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. ágúst 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í því að:

1. verslunar-, þjónustu- og stofnanasvæði við Tjarnarbraut breytist í stofnanasvæði,
2. stofnanasvæði við Dalsbraut breytist í verslunar- og þjónustusvæði,
3. verslunar- og þjónustusvæði við Dalsbraut breytist í stofnanasvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. ágúst 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 3. september 2008